



Akureyri 4. maí 2017

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. (þingskjal 505-376. mál)

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra tekur undir umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um frumvarp til breytinga á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. (þingskjal 505-376. mál).

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra leggur áherslu á að hlutverk og verkefni heilbrigðisnefnda verði ekki skert á nokkurn hátt og að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga verði eftir sem áður sjálfstæðar stjórnsýslustofnanir heima í héraði með skýr og afdráttarlaus og óskert þvingunarúrræði.

Þá er lögð áhersla á mikilvægi þess að tryggja góða nærþjónustu heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um land allt og hvatt til þess að Umhverfisstofnun verði eflað til að sinna hlutverki sínu hvað varðar samræmingu heilbrigðiseftirlits, gerð leiðbeininga og samræmdra skilyrða vegna leyfisveitinga og nærþjónustu heilbrigðisnefnda.

Virðingarfyllst

Alfreð Schiöth

framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra